

REGLUR um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki, sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka samkvæmt 86. gr. d. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Gildi sveiflujöfnunarauka.

Fjármálafyrirtæki skulu viðhalda sveiflujöfnunarauka sem nemur 0% af áhættugrunni, vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Sveiflujöfnunaraukanum skal einnig viðhaldið á samstæðugrunni.

Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal samkvæmt 86. gr. d. laga um fjármálafyrirtæki ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahags-svæðinu.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 1. mgr. 86. gr. d. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, hafa verið samþykktar af fjármálastöðugleikanefnd og öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 17. mars 2020.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.